

Ár 2016, fimmtudaginn 23. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör landlæknis

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Landlæknir er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða landlækni laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 26. nóvember 2015 frá velferðarráðuneytinu þar sem þess er óskað að kjararáð endurskoði launakjör landlæknis. Í bréfinu er gerð grein fyrir breytingum sem orðið hafa á starfsemi embættisins á umliðnum árum. Kemur fram að í kjölfar breytinga á lögum nr. 41/2007 um embætti landlæknis hafi Lýðheilsustöð og Landlæknisembættið sameinast í eina stofnun, embætti landlæknis. Með breytingunum hafi nafni laganna verið breytt í lög um landlækni og lýðheilsu og í þeim sé nú meðal annars kveðið skýrar en áður á um hlutverk embættisins sem eftirlits- og stjórnábyrgðastofnunar. Í bréfinu segir að meginmarkmiðið með sameiningu þessara tveggja stofnana sé að starfrækja eitt öflugt embætti á sviði lýðheilsu- og heilbrigðismála. Hið nýja embætti landlæknis taki við öllum þeim verkefnum sem landlækni hafi áður verið falið að sinna samkvæmt þágildandi lögum um landlækni auk verkefna Lýðheilsustöðvar. Embætti landlæknis annist því í dag leyfisveitingar, sóttvarnir, ráðgjöf, eftirlit, upplýsingasöfnun, gæðamál og skýrslugerð. Auk þess sinni embættið verkefnum á sviði forvarna, heilsueflingar og lýðheilsu sem samkvæmt þágildandi lögum um Lýðheilsustöð hafi verið á ábyrgð hennar. Þá hafi nýju embætti verið falið að starfrækja dánarmeinaskrá, en rekstur hennar hafi áður verið í höndum Hagstofu Íslands. Á sama tíma hafi umsýsla og eftirlit með lækningatækjum verið flutt til Lyfjastofnunar. Fram kemur að fyrir sameiningu hafi fjöldi starfsmanna hjá landlæknisembættinu verið 36 og Lýðheilsustöðvar 24. Fjöldi starfsmanna hjá hinu nýja embætti hafi meira en tvöfaldast. Fjárveitingar hafi verið þær sömu og hefðu annars gengið til hvorrar stofnunar um sig. Í bréfinu segir að frá sameiningunni hafi verið unnin yfirgripsmikil stefnumótunarvinna til að fylgja eftir hlutverki og ábyrgð nýs embættis og efla samstarf og samlegð tengda ýmsum verkefnum. Þá segir að í árunum sínum hafi ýmis verkefni verið flutt til embættisins frá velferðarráðuneytinu, meðal annars umsjón og ábyrgð rafrænnar sjúkraskrár á landsvísu, umsýsla og útgáfa starfsleyfa fyrir heilbrigðisstéttir, umsýsla vegna vistunarmatsnefnda, nú færni- og heilsumatsnefna, svo og umsjón og ábyrgð á ýmsum málaflokkum svo sem líffæragjöfum og líffæraígræðslu.

Með bréfi dagsettu 4. desember 2015 var landlækni gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið, sbr. 13. gr. stjórnábyrgðastofnunar nr. 37/1993. Jafnframt var fjármála- og efnahagsráðuneyti með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að leggja fram greinargerð, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Landlæknir sendi kjararáði bréf dagsett 7. desember 2015. Í bréfinu kemur fram að margvíslegar breytingar hafi verið gerðar á embætti landlæknis. Skipulagsbreytingar hafi styrkt eftirlitsstarf embættisins með heilbrigðisþjónustunni. Sá hluti starfs landlæknis sem lúti að ráðgjöf til heilbrigðisráðherra og ráðuneytis hafi aukist til muna og hafi hann tekið virkan þátt í mótun heilbrigðisstefnu, nú síðast í nefnd sem endurskoðar lög um sjúkratryggingar. Launakjör landlæknis séu óviðunandi og ekki í samræmi við laun í starfsumhverfi embættisins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 22. desember 2015. Í bréfi ráðuneytisins segir að fjármála- og efnahagsráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi landlæknis hafi breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun landlæknis að öðru leyti en fram komi í bréfi velferðarráðuneytisins. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun landlæknis.

Með bréfi dagsettu 8. janúar 2016 fékk landlæknir sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í bréfi landlæknis dagsettu 13. janúar 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytisins en fyrri sjónarmið ítrekuð.

III.

Embætti landlæknis starfar samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 með síðari breytingum. Í lögnum segir að starfrækja skuli embætti landlæknis undir yfirstjórn ráðherra sem skipi landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar samkvæmt 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Landlæknir skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar. Hann ber ábyrgð á að embættið sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður annað starfsfólk embættisins.

Markmið laganna um landlækni og lýðheilsu er að stuðla að heilbrigði landsmanna, meðal annars með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Ítarlega er fjallað um hlutverk og verkefni landlæknis í lögnum. Meginhlutverk embættisins er að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu. Það skal annast forvarna- og heilsueflingarverkefni, efla lýðheilsustarf og meta reglulega árangur af því starfi, og vinna að gæðapróun. Þá skal embættið hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki, hafa eftirlit með lyfjaávisunum og fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna. Embættið skal einnig hafa eftirlit með starfsemi lífsýnasafna og safna heilbrigðisupplýsinga í samræmi við lög um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga. Embætti landlæknis veitir starfsleyfi til löggiltra heilbrigðisstétta, sinnir kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu og ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna. Þá skal embættið safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu. Hlutverk embættisins er einnig að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur á hverjum tíma og styðja við menntun á sviði lýðheilsu ásamt því að stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins. Landlækni er heimilt að gera samninga við háskólastofnanir og aðrar stofnanir um samstarf á sviði rannsókna, kennslu og þjónustu er tengjast verksviði embættisins.

Landlæknir skal setja á fót fagrád á helstu verksviðum embættisins, þar með talið á sviði áfengis- og vímuvarna og tóbaksvarna, sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Fagrád skulu vera landlækni til ráðgjafar. Landlæknir setur reglur um skipun fagráða sem ráðherra staðfestir.

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laganna bæði innan og utan embættisins. Stjórn lýðheilsusjóðs ráðstafar fé úr sjóðnum í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Stjórn sjóðsins skipa sjö fulltrúar, fjórir tilnefndir af fagráðum, tveir fulltrúar landlæknis og formaður sem skipaður er af ráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjaldi í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni. Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði. Í reglugerð skulu sett ákveðin viðmið við úthlutun styrkja til mismunandi málaflokka, svo sem forvarna- og lýðheilsustarfs. Jafnframt skulu sett viðmið vegna ráðstöfunar fjármagns úr sjóðnum til verkefna og reksturs viðkomandi málaflokka innan landlæknisembættisins. Samkvæmt reglugerð nr. 1260/2011 um lýðheilsusjóð skal úthluta að minnsta kosti 65% af tekjum sjóðsins til lýðheilsu- og forvarnarstarfs embættis landlæknis eða annarra verkefna sem unnin eru á vegum embættisins.

Fleiri ákvæði um hlutverk embættisins er að finna í sóttvornalögum nr. 19/1997, í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og fjölda reglugerða.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem

sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun landlæknis en kjaranefnd ákvað honum laun 17. desember 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Við ákvörðun launakjara landlæknis er horft til þeirra breytinga sem orðið hafa á löggjöf og starfsemi embættis landlæknis á undanförunum árum, þar á meðal sameiningar landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar sem greint er frá hér að framan, svo og þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör landlæknis skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2015 skulu mánaðarlaun landlæknis vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 140, nú 1.094.455 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá og með 1. júlí 2016 skulu mánaðarlaun landlæknis vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 143, nú 1.210.442 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. janúar til 30. nóvember 2015 er eining 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, síðast 7.818 krónur. Frá 1. desember 2015 er eining 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör landlæknis gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber